

Björgvin Skafti Bjarnason lagði fram svohljóðandi bókun:

Í frumvörpum um Þjóðgarðastofnun og hálendisþjóðgarð er enn og aftur verið að breyta hverjir fara með skipulagsmál landsins. Það er óheppilegt að svæðisráð og stjórn þjóðgarðs sem jafnframt eru rekstraraðilar garðsins fari með skipulagsvaldið. Eðlilegra er að það komi tillögur frá þeim sem síðan eru samþykktar af sveitarstjórnunum. Það eru engin rök fyrir því að það sé einn rekstraraðili innan sveitarfélags sem geti sjálfur skipulagt, án nokkurs eftirlits, sínar athafnir. Draumurinn um hálendisþjóðgarð er vissulega fallegur og á fullan rétt á sér. Draumurinn er líka tímabær því að samhliða minni þörf fyrir fjárbeit á afréttum og afgerandi meiri áhuga bænda á landgræðslu eru nýjar ógnanir við náttúru hálendisins.

En þrátt fyrir það að tímabært sé að undirbúa stofnun þjóðgarðs þarf að vanda til verka. Það eru ekki eingöngu sjónarmið sauðfjárbænda sem taka þarf tillit til.

Huga þarf vel að stjórnsýslu í tengslum við garðinn. Þó að það skipulag sem lagt er upp með henti að einhverju leyti Vatnajökulsþjóðgarði er óvíst að það henti stærri garði með töluvert fleiri sveitarfélögum og flóknari hagsmunum heldur en sést hefur áður.

Skipulagslög eru ramminn utan um skipulag sveitarfélaga. Eins og nú háttar til hefur ekkert sveitarfélag skipulagsrétt innan annars sveitarfélags. Til eru byggðasamlög um skipulags- og byggingarmál þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög reka saman embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Þrátt fyrir samreksturinn hefur hver sveitarstjórn skipulagsvald innan sinna marka. Eins og hálendisfrumvapið er hugsað er stjórnskipunin þannig að skipuð verði sex svæðisráð. Þessi sex svæðisráð útbúi stjórnunar og verndaráætlun fyrir sitt svæði. Ekki er víst að allar sveitarstjórnir eigi fulltrúa í svæðisráði. Þessi stjórnunar- og verndaráætlun verði tekin inn í skipulagsáætlanir sveitarfélaga.

Meirihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps styður áform um hálendisþjóðgarð en telur einn þjóðgarð ekki tímabæran. Eins telur meirihlutinn að ekki sé tímabært að leggja fram frumvarp um hálendisþjóðgarð. Um er að ræða stærsta þjóðgarð Evrópu á svæði sem þekur rúmlega þriðjung Íslands. Svæðið sem um ræðir er ólíkt innbyrðis og ýmsir hagsmunir geta valdið því að ekki náist samstaða um málið.

Umfang verkefnisins er líka af þeirri stærðargráðu að óvíst er hvort sómi verði af framkvæmdinni. Gera verður kröfu til framkvæmdaáðila um að hann sýni fram á það með rökum að svo verði. Þó að þeirri aðferð hafi verið beitt að ákveða fyrst stærð og legu þjóðgarðs eins og Vatnajökulsþjóðgarðs og semja síðan stjórnunar- og verndaráætlun er verið að byrja á vitlausum enda.

Skilgreina þarf betur stjórnunar- og verndaráætlun og aðskilja þær áætlanir skipulagsáætlunum. Öll mannvirki hvort sem eru á miðhálendinu eða annars staðar þurfa að fara í gegn um aðal og deiliskipulagsmeðferð viðkomandi sveitarfélags. Landnotkun þarf líka að fara í gegnum aðalskipulagsferli og eðlilegt er að þjóðgarðar fari í umhverfismat.

Einar Bjarnason og Matthías Bjarnason tóku undir ofangreinda bókun.